

Aðalfundur Smalahundafélags Íslands haldinn að Skriðuklaustri 30. október 2005

Samþykkt að fundarstjóri yrði Svanur Guðmundsson og fundarritari Unnur Ólafsdóttir.

Hilmar Sturluson formaður flutti skýrslu stjórnar, hann gerði einnig grein fyrir stöðu reikninga félagsins vegna andláts Kristjáns Mikkaelssonar gjaldkera, en reikningarnir eru fastir í dánarbúinu þar sem þeir voru á kennitölu hins látna.

Hann lagði fram eftirfarandi tillögu til fundarins:

Aðalfundur Smalahundafélags Íslands haldinn á Skriðuklaustri í Fljótsdal 30.10.2005 veitir hér með ritara félagsins Unni Ólafsdóttur, kt. 281260-4219 umboð til að endurheimta bankareikning félagsins út úr dánarbúi Kristjáns Mikkaelssonar, kt. 070742-2929. Tillagan var samþykkt.

Inntaka nýrra féлага: Guðröður Ágústsson, Ágúst Guðröðarson og Anna Bryndís Tryggvadóttir óskuðu eftir að ganga í félagið og var það samþykkt.

Teknar fyrir tillögur að lagabreytingum sem sendar voru út með aðalfundaboði.

Breytingatillaga kom fram um 4. gr., 6. gr., og 7. gr. og voru þær samþykktar.

Ný samþykkt lög félagsins eru eftirfarandi:

1.gr.

Félagið heitir Smalahundafélag Íslands. Skammstafað SFÍ. Heimili þess er hjá formanni hverju sinni

2.gr.

Félagar geta orðið allir þeir sem eiga smalahunda svo og þeir sem sérstakan áhuga hafa á þeim.

Félagssvæðið er allt landið.

3.gr.

Tilgangur félagsins er að stuðla að skráningu og ræktun smalahunda. Skal það beita sér fyrir sýningum, keppnum og efla samstöðu meðal ræktenda og eigenda. Félagið leiti samvinnu við Landbúnaðarháskólana og aðra þá aðila sem vilja efla fræðslu og kynningu á smalahundum.

4.gr.

Aðalafund skal halda árlega, eigi síðar en 15. nóvember. Boða skal til hans með minnst sjö daga fyrirvara. Þar gerir stjórnin grein fyrir störfum félagsins á liðnu ári, leggur fram tillögur um verkefni næsta árs og leggur fram reikninga félagsins.

5.gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður, ritari og gjaldkeri. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn og skal kosið um einn stjórnarmann á ári. Stjórn skipti með sér verkum og skal vera formaður, gjaldkeri og ritari. Sá sem setið hefur í stjórn í sex ár, er ekki kjörgengur til endurkjörs næstu 3 árin. Þá skal einnig kjósa tvo varamenn og tvo skoðunarmenn reikninga til tveggja ára í senn, þannig að annar gangi úr eftir eitt ár með hlutkesti í fyrsta sinn og síðan sitt árið hvor.

6.gr.

Tekjuöflun til nauðsynlegra verkefna skal ákveðin á aðalfundi samkvæmt áætlun fyrir næsta ár. Félagsgjöld skulu ákveðin á aðalfundi.

7.gr.

Félagið skal stuðla að stofnun deilda innan félagsins. Starf þessara deilda skal vera það að auka samheldni félagsmanna í minni einingum, standa fyrir deildarkeppnum og þjálfunarnámskeiðum og skiptast á að halda

landskeppnir SFÍ.

8.gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi með 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Tillögur til lagabreytinga skulu sendar út með aðalfundarboði

Kosningar: Unnur ritari er búin að vera 3 ár í stjórn á átti að ganga út núna en var endurkjörin til þriggja ára.

Anna Bryndís Tryggvadóttir var kosin gjaldkeri í stað Kristjáns Mikkaelssonar.

Varamenn í stjórn: Gunnar Guðmundsson og Sverrir Möller. Skoðunarmaður reikninga: Lárus Sigurðsson.

Stjórn var falið að finna stað til að halda næsta landsmót, helst á norðurlandi.

Umræður urðu um keppnisreglur og komu 3 tillögur frá stjórn þar að lútandi:

1. *Tillaga til aðalfundar um að sameina byrjendaflokk og B-flokk þannig að aðeins verði keppt í 3. flokkum: A-flokk, B-flokk og unghundaflokk.*
2. *Tillaga til aðalfundar um að hámarksaldur hunda í unghundakeppni skuli vera 3ja ára.*
3. *Tillaga til aðalfundar um að í landskeppni þar sem efstu hundar fá 2 rennsli, þá gildi samanlögð stig beggja rennsli til verðlauna. Ekki að ný keppni sé haldin seinni daginn.*

Breytingartillaga barst við 1. tillögu, bæta við: *Hundur sem hefur fengið 50 stig eða meira keppir í A-flokk.*

Samþykkt.

Við 2. tillögu kom líka viðbótartillaga, bæta við: *miðist við fæðingardag.* Samþykkt.

Þriðja tillaga samþykkt.

12 félagar sátu fundinn.

Fundi slitið

Unnur Ólafsdóttir fundarritari